Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

5 694110 023513

Föstudagur
9. apríl 2010
14. tbl. · 27. árg.

Sagnfræðingur sem býr í safni

„Það tók nú smátíma að venjast því að fá andlit á gluggann. En svo er það bara gaman. Stundum slæðast túristar hingað inn og bregður við þegar þeir koma að manni kannski í miðri matseld, en við tökum bara vel á móti þeim," segir sagnfræðingurinn Jóna Símonía Bjarnadóttir um það hvernig það sé að búa í miðju byggðasafni. Í miðopnu segir hún frá yfirvofandi breytingum í starfi skjalafræðings, frá hlutverki sínu sem dansks ræðismanns og ástríðunni fyrir gömlum skjölum og munum.

Skíðavikan vel heppnuð

Skíðavikan var sett við hátíðlega athöfn í köldu en fögru veðri í dymbilvikunni. Ísfirðingar og gestir komu saman í sólskini á Silfurtorgi til að fagna upphafi páskahaldsins á ísfirskan máta. Lúðrasveit Tónlistarskóla Ísafjarðar lék nokkur lög. Þá stigu ungar söngkonur fram og sungu fyrir Skíðavikugesti. Margrét Halldórsdóttir, íþrótta- og tómstundafulltrúi segir hátíðina hafa verið vel heppnaða en þetta var í 76. sinn sem hún er haldin á Ísafirði.

„Ég hef ekki heyrt annað en að fólk hafi verið ánægt með hvernig til tókst. Og við komumst ótrúlega mikið á skíði miðað við hvernig útlitið var viku fyrir hátíð. Það kenndi ýmissa grasa á dagskránni, allt frá leiklist til pókermóts, og er því óhætt að telja að allir ættu að hafa getað fundið eitthvað við sitt hæfi. Þá voru fastir liðir á sínum stað eins og furðufatadagurinn í Tungudal þar sem Skíðavikugestir á öllum aldri áttu góðan dag saman.

– thelma@bb.is

Veðrið setti strik í reikninginn

„Helgin fór ágætlega miðað við veður og vind," segir Úlfur Guðmundsson forstöðumaður skíðasvæðisins í Tungudal. Úlfur segist ekki vera kominn með nákvæma tölu á fjölda gesta en gerir ráð fyrir að um 1.500 gestir hafi lagt leið sína á skíðasvæðið á síðustu helgi. Engin alvarleg óhöpp urðu á skíðasvæðinu um páskana en eitt lítilsháttar óhapp varð þegar að piltur skíðaði niður lokaða brekku og lenti á grjóti en meiðsl hans voru ekki talin alvarleg. Úlfur segir að veðrið hafi sett strik í reikninginn. „Við hefðum viljað sleppa við þessa snjókomu en fólk var búið að athuga með veðrið áður en það lagði af stað og það voru því margir sem skildu skíðin eftir heima og það var t.d. brjálað að gera í skíðaleigunni. Hún var tóm alla daga. Þetta gekk allt mjög vel en að sjálfsögðu hefði maður viljað fá fleiri í heimsókn," segir Úlfur.

Allar lyftur á skíðasvæðinu voru opnar um páskana en ekki náðist að halda öllum brekkum opnum sökum snjóleysis. „Það var ekki nægur snjór til að dekka allar brekkur en færið er fínt og nú reiknum við með að stoppa ekki fyrr en í maí. Við reiknum með að vera með einhverskonar pakkatilboð á næstunni til þessa að Vestfirðingar skelli sér aftur á skíði eftir páskahátíðina," segir Úlfur Guðmundsson forstöðumaður skíðasvæðis Ísafjarðar.

Frá skíðasvæðinu í Tungudal um páskana.

Annríki í fluginu

Á bilinu 600-800 manns komu til Ísafjarðar með flugi fyrir páska. Flugfélag Íslands bætti við sex áætlunarferðum um páskana og var mesta annríkið á öðrum degi páska. Þá fóru sex vélar með samtals um 250 farþega. Að öllu jöfnu var flogið eftir því sem veður leyfði, þrisvar á dag dagana í kringum páskana.

Þrjár vélar voru uppbókaðar á þriðjudag en að því loknu tók hefðbundnar áætlunarferðir við. Að sögn Arnórs Jónatanssonar, svæðisstjóra Flugfélags Íslands á Ísafirði, dróst fjöldi flugfarþega í páskavikunni saman frá því í fyrra.

Mugison ánægður

„Þetta er búið að vera alveg hrikalega gaman og gengið vel. Hátíðargestir voru æðislegir og hljómsveitirnar voru stórkostlegar," segir Örn Elías Guðmundsson betur þekktur sem Mugison, um tónlistarhátíðina Aldrei fór ég suður sem haldin var í sjöunda sinn nú um páskana. Segist hann vilja koma þökkum á framfæri til allra sem komu fram á hátíðinni sem og allra gestanna.

Spurður um aðsóknina segist Mugison handviss um að met hafi verið slegið þetta árið. „Það má segja að það hafi aðeins of margir mætt, því það hreinlega stappað á alla viðburði," segir Mugison og bendir á að um tíma hafi fleiri beðið fyrir utan skemmuna, þar sem tónleikarnir voru haldnir, en komust fyrir inni í henni. Tekur hann fram að erfitt sé að hafa nákvæma tölu yfir fjölda gesta þar sem ekki séu neinir miðar á viðburði sökum þess á ókeypis sé á alla viðburði hátíðarinnar.

Segir hann ánægjulegt hversu smurt hátíðin sé farin að ganga. „Þetta er allt að koma enda ljóst að æfingin skapar meistarann. Sjö hátíðir í viðbót og þá hugsa ég að við þurfum bara að ýta á einhvern einn takka," segir Mugison kíminn.

Mugison segist ánægður með hversu allt hafi gengið fyrir sig. „Það var ekkert vesen," segir Mugison og tekur reyndar fram að menn hafi haft smá áhyggjur á föstudaginn þegar allt flug til Ísafjarðar var fellt niður vegna ófærðar sem þýddi að nokkuð stór hópur listamanna komst ekki í flug.

„Það myndaðist mjög flotta stemningu í vonda veðrinu hjá okkur þegar Hjálmar og Ingó og veðurguðirnir komu keyrandi upp úr miðnætti og löbbuðu beint inn á svið og rústuðu staðnum," segir Mugison.

„Ég held að það hafi flestir gestir verið í salnum þegar Ingó og Veðurguðirnir stigu á sviðið. Biðröðin náði lengst út á bílastæði og komust færri að en vildu. Það var alveg mögnuð stemning, því heimamenn tóku svo vel á móti þeim. Ingó þurfti yfirleitt bara að segja fyrsta orðið í laginu þá tók fólkið við og sögn restina fyrir hann. Þetta var rosalega flott og eiginlega fallegt." Frá þessu er greint á mbl.is.

Alvarleg líkamsárás

Tveir menn hafa viðurkennt aðild að líkamsárás sem átti sér stað í gleðskap í heimahúsi á Ísafirði aðfarannótt föstudags. Annar þeirra hafði verið úrskurðaður í gæsluvarðhald í þágu rannsóknar málsins. Báðir sakborningarnir hafa verið látnir lausir enda telst málið nægjanlega upplýst.

Árásarþolinn var útskrifaður af sjúkrahúsinu á Ísafirði fyrr á mánudag, en hann hlaut alvarlega áverka á andliti við árásina.

Til hamingju með glæsilega rokkhátíð

Við óskum Ísfirðingum til hamingju með rokkhátíðina **Aldrei fór ég suður** sem haldin var með glæsibrag um páskana. Landsbankinn á Ísafirði er stoltur af því að vera meðal bakhjarla hátíðarinnar. Með stuðningi sínum vill bankinn styðja þétt við bakið á grasrótarstarfi í íslenskri tónlist.

LANDSBANKINN Á ÍSAFIRÐI | landsbankinn.is | 410 4000

Nýi hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280. ENNEMM / SÍA

Stefnir í enn eitt metárið

Aldrei hafa eins margir verið skráðir í 50 km göngunna í Fossavatnsgöngunni og nú. Fjöldi erlendra keppenda hefur aldrei verið meiri og er því von á metþátttöku enn eitt árið. Gangan, sem er elsta skíðamót sem enn er haldið á landinu, nýtur sívaxandi vinsælda og undanfarin ár hafa margir af þekktustu skíðagöngumönnum heims tekið þátt.

Engin undantekning er á því í ár en þó nokkrar kanónur í skíðaheiminum hafa skráð sig og má þar nefna Oskar Svärd, Jerry Århlin og Sandra Hanson. Samkvæmt upplýsingum frá keppnishaldara áttu þeir einnig von á að Stanislav Resac frá Tékklandi tæki þátt í ár en hann hætti við og stefnir á að koma vorið 2011.

100 milljóna króna lán

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar mælir með því að bæjarstjórn samþykki að taka lán að upphæð 100 milljónir króna. Í erindi bæjarráðs er mælt með að bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykki að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga upp á 100 milljónir til 14 ára í samræmi við lánstilboð sem liggur fyrir.

Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagins. Er láninu tekið til að endurfjármagna langtímalán Ísafjarðarbæjar við Lánasjóð sveitarfélaga á árinu 2010. Lántaki skuldbindur sig til að ráðstafa láninu til þessa verkefnis.

Björn ráðinn

Björn Jóhannsson á Ísafirði hefur verið ráðinn hafnsögumaður við Hafnir Ísafjarðarbæjar. Hann tekur við af Theódóri R. Theódórssyni sem gegnt hefur starfinu um árabil. Fjórir sóttu um starfið en umsóknarfrestur var til 1. febrúar.

Þeir sem sóttu um starfið voru auk Björns, Gunnar Arnórsson, Guðmundur Sigurðsson og Stígur Sturluson. Samkvæmt upplýsingum frá hafnarstjóra hefur ekki verið ákveðið hvenær Björn tekur til starfa.

Inn að beini

Margrét Geirsdóttir, forstöðumaður Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar

Margrét Geirsdóttir er, auk þess að vera forstöðumaður Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar, annar helmingur dúettsins BG og Margrét sem spilað hefur á ófáum uppákomum á annan tug áratuga. Það kemur því væntanlega ekki á óvart að þegar Bæjarins besta innti hana eftir svörum inn að beini kom í ljós að hún ætlaði m.a. að verða söngkona þegar hún yrði stór.

Afdrifaríkasta ákvörðun lífs þíns?
Að giftast honum Marzellíusi mínum.
Hvar langar þig helst að búa?
Hér, á Ísafirði. Ef ekki hér, þá í Árósum.
Hver var hamingjusamasta stund lífs þíns?
Ekki ein, heldur fjórar. Fæðing dætranna og svo barnabarnsins.
Mestu vonbrigði lífs þíns?
Engin „mestu vonbrigði“ en kannski nokkur lítilvæg. Ekkert sem stendur upp úr.
Mesta uppgötvunin í lífi þínu?
Tengist æskunni, t.d. tilfinningin sem gagntók mig þegar ég hélt fyrst jafnvægi á tvíhjóli.
Uppáhaldslagið?
Ég hef elskað þig frá okkar fyrstu kynnum.
Uppáhaldskvikmyndin?
Panda.
Uppáhaldsbókin?
Bækurnar hans Jóns Kalman Stefánssonar finnst mér hreint út sagt stórkostlegar. Annars er ég að lesa Vestfirska slysadaga núna, í annað sinn. Mjög fínar bækur.
Ógleymanlegasta ferðalagið?
Útskriftarferð með skólasystrum úr Tónlistarskólanum í Reykjavík.
Uppáhaldsborgin?
Árósar í Danmörku.
Besta gjöfin?
Frá Massa.
Telur þú að líf sé á öðrum hnöttum?
Nei, aldeilis ekki og ég bæti því við að ég trúi heldur ekki á drauga!
Hvaða hlutar geturðu alls ekki verið án?
Ég á erfitt með að hugsa mér heimilið mitt án píanós. Ég gæti líka talið upþþvottavél, þvottavél, þurrkara o.s.frv.
Fyrsta starfið?
Barnapíustarf, passaði Ingveldi Birnu Kristjánsdóttur. Yndisleg stúlka og svo skemmtileg að það var unun að vera nálægt henni.
Draumastarfið?
Það starf sem ég stunda á hverjum tíma. Kórstjórn er þó það skemmtilegasta sem ég veit.
Hvaða frægu manneskju hefur þér verið líkt við?
Angelina Jolie - ég held það séu þykku varirnar og vöxturinn sem gera útslagið þar.
Fallegasti staðurinn á Íslandi?
Nauteyri við Ísafjarðardjúp.
Skondnasta upplifun þín?
Að mæta í vitlausa veislu - mjög hallærislegt en fyndið eftir á.
Aðaláhugamálið?
Tónlist.
Besta vefsíðan að þínu mati?
BB, augljóslega. Meira að segja ég rata um hana.
Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?
Söngkona, leikkona, flugfreyja.....
Hver er þinn helsti kostur að þínu mati?
Ég tel mig vera duglega.
En helsti löstur?
Á það til að vera full fylgin mér þegar mér er mikið niðri fyrir og kveða þá „nokkuð“ fast að. Hmm...
Besta farartækið?
Hugurinn.
Hver er uppáhaldshátíðardagurinn þinn?
1. maí.
Hvaða manneskju lítur þú mest upp til?
Það eru tiltölulega fáar manneskjur sem standa mér mjög nærri. Þær sem það gera vita að ég met þær mikils og óþarfi að nefna nöfn.
Ef þú mættir heita hvað sem er, hvað myndirðu heita?
Sátt við Margréti.
Á hvaða tíma sólarhrings kanntu best við þig?
Stundum eru morgnarnir bestir, stundum kvöldin.

Í hvaða stjörnumerki ertu?
Naut!
Lífsmottóið þitt?
Áfram með smjörið!

Lögregluumdæmum fækkað

Ríkisstjórnin hefur samþykkt tillögu Rögnu Árnadóttur dómsmála- og mannréttindaráðherra þess efnis að lögregluumdæmum verði fækkað úr 15 í 6 og að yfirstjórn lögreglu verði skilin frá embættum sýslumanna frá og með 1. janúar 2011. Miðað er við að frumvarp þessa efnis verði lagt fram á Alþingi að fengnu samþykki stjórnarflokka. Markmiðið með breytingunum er m.a. að mæta lækkuðum fjárveitingum með sparnaði í yfirstjórn og draga sem minnst úr þjónustu. Um leið er komið til móts við ákveðin fagleg sjónarmið. Nái frumvarpið fram að ganga verða fjórir nýir lögreglustjórar utan höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja, þ.e. á Vesturlandi og Vestfjörðum, Norðurlandi, Austurlandi og Suðurlandi.

Lögð er að auki til sérstök heimild handa dómsmálaráðherra til að fela sýslumanni daglega lögreglustjórn í umdæmi sínu, í umboði viðkomandi lögreglustjóra. Þannig verði unnt að taka tillit til aðstæðna í einstökum landshlutum. Gert er ráð fyrir að lögregluumdæmin verði nánar ákveðin með reglugerð.

Lagt er upp með að lögreglustjórarnir fjórir komi úr hópi núverandi sýslumanna. Sýslumenn í öðrum embættum verði settir yfir þau sýslumannsembætti sem þannig losna. Því mun sýslumannsembættum fækka sem nemur þessum fjórum embættum. Í þessum áfanga er ekki ráðgert að fækka sýslumannsembættum frekar heldur verður unnið áfram að tillögum þess efnis, eins og sjá má í áætlun hér að neðan.

Þessar tillögur eru byggðar á skýrslu starfshóps dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins um breytingar á skipulagi lögreglunnar í landinu og skýrslu Þorleifs Pálssonar, fyrrverandi sýslumanns, sem dómsmála- og mannréttindaráðherra fól að gera tillögur að breytingum á skipan sýslumannsembætta. Tillögur Þorleifs byggja í megindráttum á þeirri hugmyndafræði sem liggur að baki sóknaráætlun 20/20 og fela þær í sér að landinu verði skipt í sjö stjórnsýslusvæði; Vesturland, Vestfirði, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland, Suðurland og Suðvestursvæðið og að jafnaði verði einn sýslumaður á hverju stjórnsýslusvæði. Við undirbúning skýrslnanna var haft víðtækt samráð við forstöðumenn stofnana.

Einn af bátum Hvíldarkletts ehf. á veiðum.

Reglur frá fyrra ári verði til grundvallar

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur falið bæjarstjóra að svara erindi frá Hvíldarkletti ehf. þar sem óskað er eftir því að sveitarfélagið hlutist til um að breytingar verði gerðar á reglugerð um úthlutun byggðakvóta sem taki mið af því að útgerðum frístundaveiðibáta verði áfram heimill aðgangur að byggðakvóta. Bæjarstjóra var einnig falið að fara þess á leit við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið að reglur sem í gildi voru vegna kvótaársins 2008/2009 verði lagðar til grundvallar við úthlutun til sjóstangveiðibáta á byggðakvóta á þessu fiskveiðiári. Á bæjarráðsfundi var lagt fram yfirlit um þá stöðu er sjóstangveiðibátar eru nú í, hvað varða rétt til umsókna í byggðakvóta. Sjóstangaveiðibátar höfðu haft atvinnuveiðileyfi þar til að reglum var breytt í að þeir hafi frístundaveiðileyfi. Við þær breytingar hafa sjóstangveiðibátarnir ekki lengur rétt til að sækja um hlutdeild í byggðakvóta.

Á fundi bæjarráðs þann 22. mars var lagt fram bréf frá Hvíldarkletti þar sem var færður rökstuðningur fyrir breytingunum en þar segir m.a. að „fyrirtæki sem stunda frístundaveiðar eru enn sem komið er bundin þeim skilyrðum að þurfa að leigja til sín aflaheimildir á almennum markaði og eru því undir sama hatti og aðrar útgerðir hvað varðar úthlutun aflaheimilda," segir í bréfinu. Hvíldarklettur ehf. rekur ferðaþjónustu fyrir sjóstangaveiðimenn í Ísafjarðarbæ en áætlanir fyrirtækisins gera ráð fyrir að á komandi sumri muni allt að 1.100 gestir koma til Ísafjarðarbæjar á vegum þess til að stunda sjóstangveiði.

„Ferðaþjónusta sem þessi er því mjög mikilvæg og getur fært hinum ýmsu aðilum í verslun og þjónustu umtalsverðar tekjur, hvort heldur er með eigin viðskiptum gesta okkar eða afleiddrar þjónustu sem þarf til við rekstur ferðaþjónustunnar," segir í bréfi Hvíldakletts en þar segir einnig að „ein helsta ógnunin sem steðjar að þessari grein ferðaþjónustunnar nú um mundir er hátt leiguverð aflaheimilda og í raun frosinn leigumarkaður. Að óbreyttu er því erfitt um vik fyrir þessi fyrirtæki að standa við sínar skuldbindingar gagnvart viðskiptavinum sem hingað koma, í ferðir sem jafnvel verið keyptar með allt að árs fyrirvara," segir í bréfi Hvíldarkletts ehf., til bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar.

– kristjan@bb.is

Mótmælir ákvörðun bæjarstjóra harðlega

Sigurður Pétursson, oddviti Í-listans í Ísafjarðarbæ, mótmælir þeirri ákvörðun Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra að gera sveitarfélagið að fundarboðanda á fundi um sjávarútvegsmál á Ísafirði. Í bókun Sigurðar sem tekin var fyrir á bæjarráðsfundi segir: „Undirritaður mótmælir þeirri ákvörðun Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra, að gera Ísafjarðarbæ að fundarboðanda á áróðursfundi um sjávarútvegsmál, sem haldinn var á Ísafirði 24. mars sl., að undirlagi útgerðarmanna í LÍÚ. Ákvörðun var ekki borin upp í bæjarráði eða bæjarstjórn og er það alfarið á ábyrgð bæjarstjóra."

Birna Lárusdóttir, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokks lagði fram bókun meirihluta en þar lýsa hún og Svanlaug Guðnadóttir, bæjarfulltrúi Framsóknarflokksins og formaður bæjarráðs yfir fullum stuðningi við ákvörðun bæjarstjóra. „Undirritaðir bæjarráðsfulltrúar lýsa yfir fullum stuðningi við þá ákvörðun bæjarstjóra, að leggja nafn Ísafjarðarbæjar við umræddan fund. Fundurinn var liður í eðlilegri upplýsingagjöf um brýn mál sem varða hagsmuni Ísafjarðarbæjar, enda hefur sveitarfélagið áður staðið með öðrum að álíka fundum um sjávarútvegsmál," segir í bókun meirihlutans.

Stefnir í metár hjá Borea Adventures

Það stefnir í metár hjá vestfirska ferðaþjónustufyrirtækinu Borea Adventures en fjölmargar ferðir sumarsins eru nú þegar uppseldar. „Dýrustu ferðirnar seljast best og það eru uppselt í tvær 12 daga Grænlandsferðir og því var bætt við einni styttri ferð til Grænlands sem farin verður í september. Við eigum nokkur sæti eftir í hana," segir Rúnar Óli Karlsson, einn eiganda Borea Adventures. Hann segir að einnig sé að mestu leiti uppselt í skíðaferðir sem hefjast um miðjan apríl. „Gengið er að hjálpa okkur að vissu leiti en við erum líka að fá til okkar íslenska hópa, sem er bara mjög gaman." Bókanir fyrirtækisins koma víða að, allt frá Ástralíu hinu megin á hnettinum. Þá ætlar fyrirtækið að færa út kvíarnar í sumar og bæta við dagsferðum undir vörumerkinu Norh Explorers.

„Farið verður í dagsferðir frá Ísafirði. Þær verða af ýmsum toga og í mismunandi lengdum, allt frá klukkutíma upp í heilan dag. Farið verður t.d. á Folafót, til Reykjaness og fjallgöngu á Kaldbak. Við erum mjög spenntir fyrir þessu en við munum vinna að þessu verkefnið í samstarfi við Vesturferðir," segir Rúnar Óli.

Það er ekki eina nýjungin hjá fyrirtækinu í sumar en í næsta mánuði ætla Borea-menn að setja upp svokallaðan járnveg. „Þetta hefur aldrei áður verið gert á Íslandi. Þetta kallast Via Ferrata og byrjaði í fyrra stríðinu þegar ítalski herinn voru í vandræðum með að koma mannskapnum yfir fjöll og fyrnindi en ekki voru allir færir í fjallgöngur. Þeir settu því víða upp stiga og stálvíra í Ölpunum. Seinna fór fólk að bæta við járnveginn og nú er þetta mjög vinsælt fjölskyldusport. Þetta er öryggisbúnaður svo að fólk geti með fljótvirkum og öruggum hætti farið upp brattara fjalllendi en það gæti vanalega," útskýrir Rúnar Óli. Hafa þeir í hyggju að setja upp slíkan járnveg í Bakkahyrnu í Hnífsdal og upp á topp á Eyrarfjalli. „Þar eru klettadrangar og fjallaskörð og æðislegt útsýni yfir Djúpið, Jökulfirði og Ísafjörð. Síðan verður gengið niður í Seljalandsdal. Þetta gæti orðið mjög þekkt ef vel til tekst því það eru ekki margir staðir á Íslandi þar sem þægilegt er að setja svona upp. Við erum þó með fleiri staði í sigtinu en ætlum að sjá til hvernig þetta fer."

Fyrirtækið hefur bætt við sig þremur starfsmönnum og ætlar að koma sér upp aðstöðu í gamla verslunarhúsinu í Hæstakaupstað. „Þarna ætlum við bæði að vera með aðstöðu fyrir búnaðinn og skrifstofu. Það verður frábært að fá þessa aðstöðu því til þessa hefur fyrirtækið hvergi átt heima og þetta hefur bara verið unnið eldhúsborðið hjá okkur. Þetta verður því stór munur.

Aurora, skúta Borea Adventures.

Forsvarsmenn Borea Adventures eru því mjög bjartsýnir á sumarið. „Ég held að þetta verði mjög gott sumar. Það er alltaf verið að segja að það vanti meiri afþreyingu og við ætlum að verða við því með þessum dagsferðum. Þær verða farnar á ákveðnum tíma, hvað sem tautar og rólar. Það mun kannski taka smá tíma að byggja þetta upp en þá fáum við líka tíma til að slípa prógrammið til. Það þýðir ekkert að bíða eftir því að öll sæti verði bókuð, maður verður bara að byrja á þessu." Rúnar Óli segir að til standi að bjóða heimamönnum upp á prufuferðir á mjög viðráðanlegu verði. Það verði nánar kynnt síðar. *– thelma@bb.is*

Spurningin

Ætlar þú að ferðast um Vestfirði í sumar?

Alls svöruðu 474.
Já sögðu 352 eða 74%
Nei sögðu 59 eða 12%
Óvíst sögðu 63 eða 14%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Útlit fyrir sunnanáttir með rigningu, en skýjað með köflum norðaustantil. Fremur hlýtt í veðri.
Horfur á laugardag: Útlit fyrir sunnanáttir með rigningu, en skýjað með köflum norðaustantil. Fremur hlýtt í veðri.
Horfur á sunnudag: Útlit fyrir sunnanáttir með rigningu, en skýjað með köflum norðaustantil. Fremur hlýtt í veðri.

Ritstjórnargrein

Eftir því er beðið

„Svört atvinnustarfsemi skekkir ekki eingöngu samkeppnisstöðu annarra fyrirtækja, heldur kemur hún einnig í veg fyrir að ný fyrirtæki reyni að hefja starfsemi með allt upp á borðinu. Við hljótum öll að sjá hvílíku óréttlæti þau fyrirtæki verða fyrir sem eru að standa sig á meðan ekkert er gert til að uppræta svarta atvinnustarfsemi. Þetta veldur öllu samfélaginu miklum skaða, ekki bara fjárhagslegum skaða heldur einnig á grundvelli réttindamissis þeirra einstaklinga sem taka þátt og vinna svart." Svo sagði í yfirlýsingu frá stjórnarfundi Verkalýðsfélags Vestfirðinga, sem haldinn var fyrir um mánuði síðan. Þar var hart deilt á aðgerðarleysi stjórnvalda gegn svartri atvinnustarfsemi.

Samtök iðnaðarins segja að með svartri atvinnustarfsemi sé samfélagið hlunnfarið um 40 milljarða á ári. Sem dæmi um áhugaleysi stjórnmálamanna skal minnt á að fyrir þingkosningarnar 2003, í kappsfullum loforðaflaumi um skattalækkanir, var ekki einu orði minnst á skattsvik, neðanjarðarhagkerfi eða skil á vörslusköttum.

Um mitt ár 2002 var skipuð nefnd til að gera úttekt á „skattsvikum í neðanjarðarhagkerfinu", sem talið var að velti tugum milljarða á ári og „vanskilum vörsluskatta" eins og það heitir á fínu máli að skila ekki innheimtufé til ríkissjóðs. Hvað ætli „skattrannsóknarnefndirnar" sem skipaðar hafa verið séu margar í gegnum árin? Í stuttu máli: Skýrsla nefndarinnar frá 2002 hafnaði í einni af (trúlega) mörgum skúffum fjármálaráðuneytisins. Um innihald skýrslunnar er fátt vitað en svo mikið er víst að stjórnvöldum þótti ekki taka að kynna hana almenningi.

Það virðist einu gilda hverjir halda um valdataumana. Einhverra hluta vegna hafa stjórnmálamenn alltaf gugnað á því að ráðast gegn misréttinu sem viðgengst í skattkerfinu. Síðla árs 2001 birtist í Mbl. grein eftir Svein Jónsson, endurskoðanda um þessi mál. Þar sagði meðal annars: „Að sjálfsögðu er vegið að rótum réttarríkisins ef stórir hópar í þjóðfélaginu geta ákveðið með hliðsjón af sínum fjárhagslegu hagsmunum að hlíta sumum lögum en öðrum ekki." Hefur verið reiknað út hvað „einkahlutafélagavæðingin" hefur kostað sveitarfélögin ein og sér?

Það er ekki spurt hvað hver og einn borgi í skatt þegar kemur að rétti fólks til að nýta þá þjónustu sem ríki og sveitarfélög annast. Þá eru allir jafnir fyrir lögum. Hið sama verður að gilda þegar kemur að því að bera kostnaðinn við þessa sjálfsögðu þætti samfélagsins.

Skattkerfið er umdeilt sem og hlutdeild skatta af tekjum einstaklinga og fyrirtækja. Svört atvinnustarfsemi er hins vegar meinsemd.

Eftir því er beðið að stjórnmálamenn sýni dug og fjarlægi æxlið.

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is.* **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is,* Kristján Einarsson, símar 456 4560 og 848 3403, *kristjan@bb.is.* **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

17,6% aukning í fjölda gistinátta

Heildarfjöldi gistinátta á Vestfjörðum var 109.833 árið 2010 en það er um 17,6% aukning frá fyrra ári þegar heildarfjöldi gistinátta var 93.421. Á Vestfjörðum eru gistinætur útlendinga árið 2009 skráðar 49.763 en gistinætur Íslendinga skráðar 60.070. Um 14,2 % aukning var á gistinóttum útlendinga á Vestfjörðum frá árinu 2008 en 20,5 % aukning var í gistinóttum Íslendinga.

Gistinætur á Vestfjörðum árið 2009 eru 3,8% af gistinóttum yfir allt landið. Hlutfallslega var mest aukning á gistinóttum á hótelum og gistiheimilum frá árinu 2008 eða um 11%. Gistinóttum á heimagististöðum fjölgaði um 48% og gistinóttum á tjaldsvæðum fjölgaði um 46%.

Heildarfjöldi gistinátta á Íslandi var 2,9 milljónir árið 2009, en það er um 6,6% aukning frá fyrra ári. Gistinóttum fjölgaði á öllum tegundum gististaða nema hótelum og gistiheimilum. Þeim fjölgaði mest á Suðurlandi, um 20%, á Vestfjörðum um 17,6%, á Norðurlandi vestra um 17,3% og á Austurlandi um 7,8%. Gistinóttum fjölgaði um 7% á Norðurlandi eystra og Suðurnesjum en á höfuðborgarsvæðinu og á Vesturlandi var fjöldi gistinátta svipaður á milli ára. Þetta kemur fram í Gistiskýrslu frá Hagstofunni.

Mugison fór í heldur óvenjulegt sjónvarpsviðtal á dögunum. Ljósm: heimur.is.

Spjallaði við naktar fréttakonur

Vestfirski tónlistarmaðurinn Mugison lenti í heldur betur sérkennilegum aðstæðum á dögunum er kappinn fór í tæplega hálftíma langt viðtal við kanadísku sjónvarpsfréttakonuna Roxanne og stallsystur hennar. „Þetta er eitt skemmtilegasta viðtal sem ég hef farið í lengi," segir Mugison í samtali við visir.is. Þetta væri kannski ekki frásögur færandi nema fyrir þá staðreynd að Roxanne og vinkonur starfa á fréttastofunni NakedNews en þar klæða allir starfsmennirnir sig úr fötunum á meðan þeir lesa fréttir. Útsendingarnar eru á netinu og nýtur sjónvarpstöðin töluverðar hylli. „Já, já, prinsinn að vestan hoppaði bara í viðtal og talaði um íslenska menningu og matarlyst við tvær naktar konur," útskýrir Mugison. Hann segir í samtali við vísir.is að hann hafi ekki verið undir neinni pressu um að koma nakinn fram. „Önnur þeirra renndi reyndar hýru auga til mín með slíka bón í huga. En ég er giftur maður með tvö börn og get ekkert verið standa í svoleiðis hlutum. Ég var líka nývaknaður og nýkominn í fötin og fannst eitthvað asnalegt að vera fara úr þeim aftur." Mugison hefur nánast verið á stöðugu ferðalagi síðan í nóvember og spilaði nýverið á íslenskum menningarhátíðum í Boston og Toronto. Hann kveðst hafa þyngst um sjö kíló á þessum túr, er bæði kominn með belg og alvöru túttur. „Já, hann Þórarinn Eggertsson, matreiðslumaður, var með okkur og maturinn sem hann eldaði var bara svo girnilegur að maður var alltaf að narta eitthvað. Með þessum afleiðingum."

Leita fyrst til heimamanna

Heimamenn eru í miklum meirihluta þeirra sem vinna í Bolungarvíkurgöngum. Ísfirska fyrirtækið Rafskaut sér um rafmagnsvinnu í göngunum og hefur fengið undirverktakann 3X-Technology á Ísafirði til að smíða rafmagnsskápa. Ísfirska verktakafyrirtækið Vestfirskir verktakar ehf. vinnur að því að steypa vegskála auk brúarsmíði í Hnífsdal og kemur að auki að klæðningum í göngunum. Að auki koma ýmis önnur fyrirtæki á svæðinu að verkinu. „Reglan hefur verið sú að alltaf er fyrst leitað til heimamanna", segir Anna Jörundsdóttir hjá fyrirtækinu Ósafli en eins og kunnugt er sér þetta dótturfyrirtæki Íslenskra aðalverktaka og svissneska verktakafyrirtækisins Marti Contractors, um gerð Bolungarvíkurganga fyrir Vegagerðina. Af 35 starfsmönnum Ósafls eru 27 Vestfirðingar.

Framkvæmdir við Bolungarvíkurgöng eru á áætlun og opna á þau fyrir almenningi í sumar. „Það gengur bara mjög vel," segir Anna. Lokið var við að sprengja í Bolungarvíkurgöngum í nóvember og var því fagnað við hátíðlega athöfn. Göngin verða 8,7 metra breið og 5,1 kílómetri að lengd. Einnig er verið að byggja um 310 metra langa steinsteypta vegskála, og 3 kílómetra langa vegi og tvær 15 metra langar steinsteyptar brýr. Kostnaður við göngin er áætlaður um 5 milljarðar króna.

Þess má til gamans að vel þykir við hæfi að göngin verði tekin í notkun í sumar en í ágúst verða 60 ár liðin frá því að vegur um Óshlíð var formlega tekinn í notkun. *– thelma@bb.is*

Ferðamálasamtökin funda að Núpi

Aðalfundur Ferðamálasamtaka Vestfjarða verður haldinn að Hótel Núpi í Dýrafirði laugardaginn 17. apríl. Stefnir í mikla dagskrá í tengslum við aðalfundinn en á föstudagskvöldinu fyrir fundinn verður stefnumótunarskýrsla samtakana kynnt, en verið er að leggja lokahönd á hana um þessar myndir og hafa vel yfir 100 manns komið að þeirri vinnu á fundum víðsvegar um Vestfirði. Aðalfundurinn verður síðan haldin á laugardagsmorgni en eftir hann hefst ráðstefna undir yfirskriftinni *Umhverfisvottaðir Vestfirðir*. Þar halda helstu sérfræðingar landsins um þennan málaflokk erindi og ræða ræða hann út frá öllum sviðum. Þá hefur umhverfisráðherra einnig boðað komu sína á fundinn.

„Vonast er til þess að þessi ráðstefna verði til þess að í framhaldinu muni Vestfirðingar ræða í fullri alvöru kosti þess að taka upp umhverfisvottun fyrir svæðið. Bundnar eru vonir til þess að Fjórðungssamband Vestfjarða taki við boltanum og stýri framhaldsvinnunni í góðri samvinnu við önnur sveitarfélög, fyrirtæki, stofnanir og íbúa í fjórðungnum," segir í tilkynningu frá Ferðamálasamtökum Vestfjarða. Dagskrá aðalfundarins og ráðstefnunnar verður kynnt ítarlega innan tíðar. *– kristjan@bb.is*

Hótel Núpur í Dýrafirði.

Safngripur, skjalavörður og

Jóna Símonía Bjarnadóttir, sagnfræðingur og skjalavörður, er mikill viskubrunnur. Hún segist alltaf hafa haft ástríðu fyrir sögu og hefur yndi af því að grúska í gömlum skjölum og munum. Í sumar var Jóna skipuð danskur ræðismaður á Ísafirði við hátíðlega athöfn í danska varðskipinu Hvidbjørnen. Bæjarins besta settist niður með Jónu Símoníu og forvitnaðist um starfið, söguáhugann og hið nýja hlutverk sem danskur ræðismaður.

– Hvernig kom það til að þér var veitt þessi staða?

„Já, það er nú saga að segja í kringum það. Við Fylkir Ágústsson fyrrum ræðismaður þekktumst ágætlega. Þegar Margrét Þórhildur Danadrottning heimsótti Ísafjörð fyrir nokkrum árum með Ólafi Ragnari Grímssyni var ég að starfa við Byggðasafnið og varð þess heiðurs aðnjótandi að taka á móti henni. Ég starfaði með Fylki í kringum þessa heimsókn. Seinna fór ég tvisvar til Danmerkur í rannsóknaleyfi til að leita að vestfirskum einkaskjölum og hann aðstoðaði mig í tengslum við að finna íbúð og annað slíkt. Svo þegar hann var að flytja úr bænum spurði hann mig hvort ég vildi ekki leggja fram nafn mitt sem hugsanlegs konsúls. Ég hélt nú að hann væri að grínast með þetta, ég hafði aldrei búið í Danmörku þó ég hafi dvalið þar nokkrum sinnum í lengri eða skemmri tíma. En ég lagði þó inn nafnið mitt. En málin frestuðust af óviðráðanlegum orsökum og það liðu nokkur ár þar sem ekki var sett í ræðismannsstöður. Ég hélt því að þetta væri dottið upp fyrir og hreinlega hætt að spá í þetta.

En svo fóru hjólin að snúast. Það sorglega við málið er að þegar ljóst var að ég myndi fá útnefningu var Fylkir fallinn frá. Hann var allan tímann sannfærður um að ég væri tilvalin í hlutverkið. Ég bý jú í dönsku húsi og hann sá fyrir sér að ræðismannsskjöldurinn færi vel á því og eins var hann sannfærður um það að ég myndi búa á Ísafirði um aldur og ævi.“

– Hvernig leggst þetta í þig?

„Bara vel. Það er ýmislegt sem maður þarf að læra og hlutir sem maður þarf að setja sig inn í. En þetta er mjög spennandi. Starfið er þó töluvert ólíkt því sem áður var, að mér skilst, enda voru skipakomur t.d. tíðari áður. Starfið hefur líka breyst með tilkomu

tölvualdar og öll samskipti auðveldari en áður.“

– Hvað felst í þessu starfi?

„Maður þarf að bregðast við ef danskur ríkisborgari þarf á manni að halda, t.d. ef einhver leggst inn á sjúkrahús eða þarf einhverrar aðstoðar við í samskiptum við stofnanir hér á landi. Maður reynir að aðstoða eftir bestu getu. Að öðru leyti tengist starfið mikið menningartengslum, sem og að taka á móti gestum, t.d. þegar dönsku varðskipin heiðra okkur með nærveru sinni.

Það hefur nú verið rólegt hjá mér síðan ég tók við stöðunni, sem betur fer hefur enginn lent í vandræðum. Starf mitt til þessa hefur því falist í að taka á móti fólki og miðla upplýsingum.“

– Geturðu nýtt starf þitt sem skjalavörður og menntun þín sem sagnfræðingur í ræðismannsstarfinu?

„Það má segja að það hjálpi til að maður þekki söguna og eins hef ég tengst töluvert inn í ýmsa menningarstarfsemi. Eins kemur það sér vel að í gegnum starf mitt á héraðsskjalasafninu hef ég unnið með stjórnsýslunni og þekki því nokkuð vel til hennar.“

Vandist því að vera safngripur

Blaðamaður hitti Jónu Símoníu á heimili hennar í Faktorshúsinu sem er í höfuðstöðvum Byggðasafns Vestfjarða í Neðstakaupstað. Faktorshúsið var reist árið 1765 sem íbúðarhús verslunarstjórans. Frá því að húsið var byggt fyrir nærri hálfri þriðju öld hefur verið þar samfelld búseta. Þekktastur þeirra faktora sem þar bjuggu er Árni Jónsson hjá Ásgeirsverslun.

Þar sem við sitjum yfir kaffibolla í þessu sögufræga húsi spyr blaðamaður hvort sagnfræðiáhuginn sé ástæðan fyrir því að Jóna Símonía býr í miðju safni.

„Já, ætli það ekki,“ svarar hún brosandi. „Þegar ég flutti heim til Ísafjarðar eftir námið og fékk starf við söfnin leysti ég af forstöðumann Byggðasafns Vestfjarða á meðan hann fór í leyfi til

ur og konsúll

að sinna listinni. Hann flutti síðan inn á Kúabú á Seljalandi og ég sótti um að fá Faktorshúsið leigt, sem og varð. Mér líkar það mjög vel. Maður er svolítið með sögguna í æð á þessum stað. Sérstaklega verslunarsöguna, sem ég hef mikinn áhuga á. Hér bjó t.d. Árni faktor og ég er með mynd af honum í borðstofunni hjá mér."

– Hvernig er að vera safngripur og fá fullt af ferðalöngum í garðinn hjá sér á ferðamannatímabilinu?

„Það tók nú smátíma að venjast því að fá andlit á gluggann. En svo er það bara gaman. Stundum slæðast túristar hingað inn og bregður við þegar það kemur að manni kannski í miðri matseld, en við tökum bara vel á móti þeim. Við höfum líka boðið fólki upp á kaffisopa bak við hús á góðum sumardögum. Þetta er bara partur af því að búa hérna."

Gömul hús mikilvæg menningarverðmæti

Jóna Símonía hefur ekki eingöngu áhuga á gömlum skjölum og munum, heldur einnig húsum.

„Ég held að áhugi á gömlum húsum sé vaxandi um landið, ekki síst hér á Ísafirði þar sem hægt er að finna eina heildstæðustu byggð gamalla húsa á landinu. Því miður hefur þó allt of margt horfið í gegnum tíðina, en nú virðist fólk frekar vera farið að fá áhuga á að gera upp gömul hús en að rífa þau. Ísfirðingar eru t.d. farnir að sjá kosti þess að viðhalda gamalli byggð, sem er mjög jákvæð þróun að mínu mati.

Þetta hangir kannski saman við aukningu í túrisma. Ég held að það sé staðreynd að þegar maður ferðast um heiminn hafa gömlu borgarhverfin og byggingarnar einna mesta aðdráttaraflið. Á mörgum ferðamannastöðum hefur átt sér stað mikil uppbygging í tengslum við þetta og í gömlum hverfum eru kaffihús og sérverslanir og annað slíkt sem heillar fólk. En af einhverri ástæðu er stutt síðan að Íslendingar fóru að sjá þetta í þessu samhengi.

Ég held að Ísfirðingar gætu gert mjög flotta hluti í hverfisvernd og uppbyggingu gamalla húsa og verið þar í fararbroddi. Maður hefur til dæmis séð þegar ferðamenn eru að ganga um bæinn, að þeir verða sérstaklega uppnumdir af því að koma í Smiðjugötuna þar sem þessi gömlu, flottu hús standa hlið við hlið. Þessi hús eru byggð svona þétt af því að það þurfti svo mikið pláss fyrir saltfiskinn. Þetta tengist uppbyggingarsögu Ísafjarðar og því hvernig byggðin byggðist upp í kringum sjósóknina. Þegar byrjað var að verka saltfisk hér og hann varð ein helsta útflutningsvaran okkar varð íbúasprenging og Ísafjörður varð einn stærsti bær landsins."

Ofurseld grúskinu

– Hefurðu alltaf haft áhuga á sagnfræði?

„Já, ég hef alltaf haft áhuga fyrir sögu. Þegar ég var púki var ég staðráðin í að verða fornleifafræðingur. En það atvikaðist þannig að þegar ég fór í háskólann nam ég fyrst lögfræði í þrjú ár en fór síðan í sagnfræðina. Ég var alltaf að hugsa til fornleifafræðinnar en hún var ekki kennd á Íslandi þegar ég var í námi. Ég tók einnig uppeldis- og kennslufræði og hugsaði mér að fara að kenna sagnfræði.

Svo var það nú svo að ég vann húsakönnun með Elísabetu Gunnarsdóttur, sem hafði í för með sér að við vorum mikið að grúska í skjölum. Síðan fékk ég starf hjá Héraðsskjalasafninu og varð þá ofurseld grúskinu. Ég hef mikla ánægju af mínu starfi, bæði að vera að fást við gömul skjöl sem og skjalastjórnun, sem sagt skipulag virkra skjala. Ég hef alltaf haft ástríðu fyrir sögu, gömlum skjölum og gömlum munum."

– Leynast miklir fjársjóðir í gömlum skjölum?

„Já, uppi á safni kennir ýmissa grasa. Héraðsskjalasafnið varðveitir fyrst og fremst stjórnsýslusögu héraðsins en við erum einnig með töluvert safn af einkaskjölum. Það eru t.d. áhugaverð bréfasöfn og mörg skjöl eru skemmtileg sökum aldurs. Svo hef ég mikinn áhuga á verslunarskjölum og opnaði einmitt sýningu á þeim á safninu fyrir stuttu.

Við erum með mikið safn slíkra skjala, t.d. er stærsti hluti af skjölum Ásgeirsverslunar sem starfaði í Neðstakaupstað og Miðkaupstað varðveittur hjá okkur og þau eru með uppáhaldsskjölum mínum í safninu. Bæði spanna þau langan tíma og sýna heildarsögu verslunarinnar. Skjöl sem varða rekstur frá þessum tíma eru mjög nákvæm, þau sýna t.d. hvað keypt er af fiski, afla bátanna, hvaða vörur voru fluttar bæði inn og út, hverjir voru að versla og hvað. Einnig er þarna að finna bréfaskipti eigendanna, Ásgeiranna tveggja sem bjuggu í Kaupmannahöfn, við starfsmenn hér. Þetta þykir mér mjög áhugavert því verslunarsagan tengist svo sögu Ísafjarðar, byggðin byggðist að miklu leyti upp í kringum verslanirnar.

Manni finnst skemmtilegt að sjá hvað hlutirnir hafa breyst í gegnum tíðina. Eins og hve gríðarleg skjalavinna var í kringum rekstur þessara fyrirtækja, skjölin endurspegla muninn núna þegar við erum komin með tölvur, síma, fax og símskeyti. Áður en þessi tækni kom til sögunnar var ekkert annað í boði en að handfæra allt bókhald og skjalfæra allt og senda með skipum milli landa."

– Þessi skjöl hafa þá kannski fyrir vikið varðveist betur en í dag þegar pappírsflæðið er orðið svo ógurlegt?

„Já, kannski það. Pappírsflóðið minnkaði ekki með tilkomu tölvanna og það verður því oft yfirflóð með allri útprentuninni. Með aukinni tækni glatast samt líka margt. Maður tekur t.d. upp tólið og pantar hluti og ræðir við rekstraraðila og ekkert liggur eftir. Þetta á ekki eingöngu við rekstur fyrirtækja heldur varðveitist ekki eins mikið af einkaskjölum eftir því sem tækninni fleygir fram. Nú fara samskipti að miklu leyti fram í tölvupóstum. Svo þegar maður skiptir um tölvu eða harði diskurinn hrynur, þá varðveitast þessi bréfasamskipti ekki. Um leið og samskiptin milli manna verða einfaldari, þá glatast í raun meira af heimildum. Það er athyglisverður þáttur í skjalavörslu.

Það verður gaman að sjá t.d. í hvaða formi „einkabréfasöfn" sem koma inn á skjalasöfn í framtíðinni verða. Og svipað er uppi á teningnum hvað varðar ljósmyndir. Áður fyrr tók fólk myndir á filmur sem voru framkallaðar og yfirleitt geymdi maður myndirnar. Nú með tilkomu digital-myndavéla tekur fólk gríðarlega mikið af myndum og velur úr þær myndir sem maður ætlar að eiga. Þær eru svo að mestu leyti varðveittar rafrænt. Maður veit ekki hvernig það mun geymast til framtíðar. Kannski verða söfn full af diskum í framtíðinni í stað skjala."

Með hugann bæði við fortíðina og framtíðina

Jóna útskýrir að óhjákvæmilega breytast söfnin í takt við tímann.

„Nú eru að ganga í garð gríðarlega stór verkefni er varða rafræna stjórnsýslu. Fundin hefur verið leið til að varðveita opinber gögn á rafrænu formi. Það er verið að vinna í þessum rafrænu þáttum á Þjóðskjalasafninu. Þetta þýðir að ekki þarf að prenta allt út til að varðveita gögnin eins og nú er.

Ég verð nú að viðurkenna að það er frekar stressandi fyrir mig sem skjalavörð að hugsa um þessa breytingu. Manni finnst svo erfitt að trúa því að eftir basl síðustu ára með tæknina að hægt sé að hafa gögnin á þann hátt að hægt sé að lesa þau óháð kerfum. En það hefur víst verið fundin leið til þess og þetta er það sem koma skal."

– Þannig að skjalaverðir þurfa ekki eingöngu að varðveita fortíðina heldur einnig vera með hugann við framtíðina?

„Já. Það er oft dregin upp ákveðin mynd af skjalavörðum að þeir séu gamlir grúskarar, rétt eins og fólk ímyndar sér oft bókaverði sem eldri manneskjur með gleraugu. En starfið hefur verið að taka breytingum á undanförnum árum og nú er nauðsynlegt að huga að því sem gerist í dag upp á að varðveita gögn fyrir framtíðina. Maður þarf því að nútímavæðast og kunna á tækninа.

Opinberir aðilar skila skjölunum inn þegar þau eru orðin þrjátíu ára og nú er verið að auka vægi safnanna til að þau séu betur í stakk búin til að takast á við breyttar aðstæður í stjórnsýslunni," segir Jóna Símonía Bjarnadóttir, skjalavörður, sagnfræðingur og danskur konsúll á Ísafirði.

– thelma@bb.is

Allir í stuði á rokkhátíð alþýðunnar

Rokk og ról var í algleymingi á rokkhátíð alþýðunnar Aldrei fór ég suður um páskana. Tæplega fjörutíu atriði voru á dagskránni í ár en hátíðin hófst klukkan 18 á föstudag og lauk henni upp úr klukkan 2 aðfararnótt páskadags. Var þetta í sjöunda skipti sem hátíðin er haldin. Erfitt er að njörva niður hvað stóð upp úr en það vakti athygli er kvikmyndaleikstjórinn Friðrik Þór Friðriksson steig á svið með ísfirsku hljómsveitinni Yxnu en það gerði rithöfundurinn Einar Kárason einnig dyggilega studdur af Sigríði Maríu Gunnarsdóttur, betur þekkt sem Sigga Maja, í hlutverki gógó-dansara. Heimamenn fögnuðu ákaft endurkomu ísfirsku grunge-sveitarinnar Urmuls sem sýndi að hljómsveitarmeðlimir hafa engu gleymt. Fjölbreytnin var allsráðandi allt frá Eurovision-ábreiðu grindvíska bandsins Sólin frá Sandgerði til smellsins Thank you sem Dikta flutti við mikil fagnaðarlæti hátíðargesta.

Skipuleggjendur voru að vonum ánægðir með hvernig til tókst og þá góðu stemningu sem myndaðist. Ekki náðist á þá við gerð þessarar fréttar en í samtali við Morgunblaðið um helgina sagði Kristján Freyr Halldórsson einn skipuleggjandi hátíðarinnar að það hafi verið lyginni líkast hvernig allt gekk upp að lokum því þetta hefur aldrei verið tæpara en í ár. „Við vorum í vandræðum með húsnæði í aðdraganda hátíðarinnar og því fylgdi að sjálfsögðu magapína. Það leystist farsællega en vandamálið var að KNH var með skurðgröfu í pörtum í skemmunni. Við höfðum hugsað íþróttahúsið sem plan b en þá myndi hátíðin missa hluta af sínum sjarma og því vorum við ekki spenntir fyrir þeim valkosti," sagði Kristján Freyr í samtali við mbl.is í dag. „Þetta var frábært og það var þvílík stemning. Það voru bara allir í stuði. Þó það hafi vissulega verið mjög troðið þá var magnað hvað allir voru í góðum fíling. Það er ekki sjálfgefið. Við vitum ekki hversu margir komu á hátíðina og höfum ekki spáð í það. Það var enginn að telja gestina og okkur vantar Geir Jón til þess að skjóta á töluna," sagði Kristján léttur en bendir jafnframt á að aðstandendur hátíðarinnar séu farnir að glíma við lúxusvandamál vegna þeirra gífurlegu vinsælda sem rokkhátíðin nýtur.

„Hátíðin hefur aldrei verið stærri og dagskráin innihélt tæplega fjörtíu atriði. Við buðum upp mörg flott atriði frá heimamönnum í bland við stórar kanónur úr tónlistarbransanum. Vegna stærðarinnar þá mun nefndin væntanlega setjast niður og velta fyrir sér framhaldinu. Hvort mögulegt sé að halda áfram á þessari braut," sagði Kristján en sagði að slíkar vangaveltur væru á frumstigi.

Eins og kunnugt er greiða áhorfendur engan aðgangseyri og tónlistarmenn fá ekki greitt fyrir að koma fram. Skipuleggjendur hátíðarinnar bera hins vegar kostnað af því að flytja tónlistarfólkið vestur þegar þess þarf og sjá einnig um uppihald. Þann kostnað hefur nefndinni tekist að brúa með framlögum frá styrktaraðilum og sölu varnings á hátíðinni. Kostnaður hefur eðlilega aukist í takti við stækkun hátíðarinnar. Meðfylgjandi myndir tók ljósmyndari blaðsins á hátíðinni.

MUSIC

Slæm tíðindi fyrir BÍ

Goran Vujic leikur ekki meira með meistaraflokki BÍ/Bolungarvíkur í sumar eftir að í ljós kom að hann er með slitið krossband. Goran er búinn að vera tvö tímabil hjá BÍ/Bolungarvík. Hann hefur spilað 39 leiki og skorað 21 mark.

Hann var m.a. valin leikmaður ársins af leikmönnum liðisins á lokahófi félagsins 2008 ásamt því að vera valinn mikilvægasti leikmaðurinn af stjórn BÍ/Bolungarvíkur. „Það er ljóst að þetta er mikil missir fyrir okkur," segir á vef BÍ.

smáar

Óska eftir einbýli, par- eða raðhúsi til leigu í Bolungarvík í langtímaleigu. Verður að leyfa gæludýr. Leiguskipti á húsnæði og nýlegri minni íbúð að Einivöllum 7 í Hafnarfirði kemur einnig sterklega til greina. (Sjá myndir og uppl. á www.leiga.is). Áhugasamir hafi samband í síma 868 9295.

Sjávarútvegklasi Vestfjarða inniheldur öll stærstu fyrirtæki Vestfjarða á sviði vinnslu og veiða á sjávarafurðum.

„Óvissan óviðunandi fyrir sjávarútveginn"

Eitt af lykilmálefnum sjávarútvegklasa Vestfjarða í ár snýst um stjórnmálalegan þrýsting vegna uppbyggingar atvinnulífs og samfélags á Vestfjörðum. Þetta kom fram á stefnumótunarfundi sem haldinn var í lok síðasta árs. Þá var einnig samþykkt að meðal áhersla sem unnið yrði með, væru samstarfsverkefni á sviði nýsköpunar, vöru- og markaðsþróunar og samstarfsverkefni á sviði sameiginlegra innkaupa. „Í ljósi núverandi efnahagsástands og stjórnmálalegs ástands hefur mikið verið rætt um stöðu sjávarútvegsins almennt. Sú óvissa sem ríkir er almennt óviðunandi fyrir greinina í heild sinni og dregur almennt úr vilja til þess að skuldbinda sig gagnvart þróunarverkefnum og fjárfestingum til lengri tíma. Ljóst er að þær sveiflur sem hafa auðkennt síðustu mánuði geta ekki talist eðlilegar og valda margvíslegum erfiðleikum við starfsemina til lengri og skemmri tíma litið," segir um klasann í lokaskýrslu Vaxtarsamnings Vestfjarða fyrir árið 2009.

Sjávarútvegsklasinn hefur einbeitt að nokkrum lykilmálefnum; að lækka flutningskostnað, bæta ímynd og markaðssetningu vestfirskra afurða og að beita stjórnmálalegum þrýstingi um atriði er varða grunngerð og samfélag svæðisins. „Stöðugt er unnið að því að lækka flutningskostnað og var meðal annars tekið þátt í samstarfsverkefni um strandsiglingar. Því verkefni var hætt án árangurs og er enn verið að skoða hvaða leiðir eru færar hvað strandflutninga varðar. Í þessu samhengi skiptir þó mestu um að árangur náist í að lækka flutningskostnað með þeim leiðum sem þykja hagkvæmar og er raunhæft að vinna að," segir í skýrslunni.

Ímyndarmál var einnig eitt af meginverkefnum klasans. Þar ber helst að nefna hvernig kynningarefni yrði unnið um klasann og hans umhverfi gagnvart erlendum kaupendum og neytendum. Talsvert var unnið með erlendum tengiliðum til þess að varpa ljósi á hvaða sérstöðu og sögu svæðið hefði upp á að bjóða. Mótaðar voru hugmyndir um vestfirskt vörumerki sem gæti auðkennt þá framleiðslu sem væri innan svæðisins. Efnt var til samkeppni um vörumerki sem leiddi til þess að mótuð voru drög að reglum fyrir slíkt merki. Unnið verður áfram í því að gera þetta merki að hluta af því markaðsefni sem fyrirtæki geti nýtt sér ásamt þeirri undirliggjandi sögu og gildum sem merkið á að standa fyrir. Þessu verður einnig bætt við kynningarpakka sem unninn verður um fyrirtækin í klasanum og sem hægt verður að nota á erlendri grundu.

Sjávarútvegklasi Vestfjarða inniheldur öll stærstu fyrirtæki Vestfjarða á sviði vinnslu og veiða á sjávarafurðum. Klasinn er samstarfsvettvangur sem hefur verið starfandi innan Vaxtarsamnings Vestfjarða frá 2005, en hefur í sjálfu sér verið til staðar mun lengur á óformlegum grundvelli. Sjávarútvegsfyrirtæki hafa í gegnum tíðina verið í virku samstarfi og samskiptum sem hefur lagt grunnin að því samstarfi sem nú er í gangi.

– thelma@bb.is

Sumarkoma og ferðalög

Stakkur skrifar

Páskarnir eru tímamót bæði í kirkjuárinu og árstíðum. Það styttist í sumarið með hækkandi sól og okkur verður léttara í sinni. Bjartsýni tekur völdin og leiðin framundan verður léttari. Það er til margs að hlakka á komandi sumri svo fremi að stjórnmálaþras og misvitrir leikendur í því stóra leikriti angri okkur ekki of mikið. Að vísu verður ekki hjá því komist að komandi sveitarstjórnarkosningar verði all fyrirferðarmiklar í fjölmiðlum og nærumhverfinu. Þetta er vettvangurinn sem mótar næsta umhverfi okkar, þjónustu, skatta og framkvæmdir. Allir munu lofa fögru og svo verðum við að muna að við það er tæpast hægt að standa eins og nú árar. En bjartsýni borgar sig svo fremi að við sníðum okkur stakk eftir vexti.

Sumarið kemur og vonandi verður það gott landi og lýð. Þó er aldrei að vita hverju náttúra þessa hrjóstuga en fagra lands skákar okkur í sumar. Vonandi verður það bara gott veður. En hvað sem bíður okkar megum við til með að muna eftir því að þrátt fyrir allt eigum við auðveldari leik en forfeður okkar áttu þegar þeir stríddu við óblíð öfl náttúrunnar, eldgos, öskufall, jarðskjálfta, siglingaleysi, vond viðskipti, erfiða kaupmenn og stjórnvöld sem sátu í Danmörku og voru hötuð af þjóð sem gekk hokin undir örlögum sínum. Við búum í samfélagi sem við eigum að standa vörð um og bæta eftir því sem við höfum tök og efni til.

Hvers megum við vænta? Að öllum líkindum munu Íslendingar sjálfir ferðast um Ísland í meira mæli en nokkru sinni fyrr. Það munu útlendir ferðamenn í heimsókn gera líka. Lágt gengi íslensku krónunnar er freistandi fyrir þá sem vilja ferðast og leggja ekki í dýr ferðalög um Evrusvæðið. En dýrt er að ferðast um landið fyrir okkur heimamenn. Það kostar að gista. Hótel á evruverði eru okkur heimamönnum dýr um þessar mundir og það á ekki við alla að gista á tjaldstæðum, þótt mörgum þyki það gott. Sá siður að leggjast upp á vini og ættingja hefur dofnað á undaförnum árum mikillar peningaveltu, sem margir héldu að væri óendanleg. Lengi var bændagisting vænlegur kostur, en hefur orðið dýrari.

En auðvitað er gott að eiga ættingja og vini sem vilja hýsa okkur. Án þeirra væri sennilega lítið um að vera á Ísafirði um páska. Enn skal þess getið hvílík snilld hátíðin „Aldrei fór ég suður" hefur reynst. Hún dregur að sér fólk úr öllum stéttum þjóðfélagsins og eyðir manna- og stéttarmun. En fyrst og fremst er það tónlistin sem laðar að. Ísafjörður verður sannkölluð höfuðborg tónlistar á Íslandi á þessari vorhátíð og skákar Blúshátíð í Reykjavík. Við ættum að skoða þann möguleika að höfða til sístækkandi hóps aðdáenda blústónlistar. Núna er tími tækifæranna og þess vegna er rétt að skoða alla kosti á því að halda samkomur og hátíðir, fá fólk til að koma vestur og njóta óviðjafnanlegrar náttúru í bland við einstakt mannlíf.

En okkur vantar nýja gistimöguleika, ódýrari en þá sem nú bjóðast en samt góða og trausta. Um allt land eru tækifærin, en við skulum vera í fararbroddi í þeim efnum.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

„Við vitum lítið um þetta stóra land sem er svo nálægt okkur“

Undirbúningsfélag um stofnun Grænlandssetur í Bolungarvík var stofnað 20. mars. Hugmyndin að stofnun setursins hafði blundað með Jónasi Guðmundssyni sýslumanni í Bolungarvík í áratug eða þar um bil. Blaðamaður sló á þráðinn og spurðist fyrir um verkefnið en Jónas segir hugmyndina hafa fæðst þegar hann vann að gerð sjónskífu ofan við Ósvör þar sem vegalengdin til Grænlands var skráð.

„Ég áttaði mig á því hvað það væri í raun stutt héðan yfir til Grænlands og fannst þetta vera eitthvað sem þyrfti að huga betur að. Það sem heillar mig við Grænland og þá hugmynd að koma á fót Grænlandssetri er að við vitum svo lítið um þetta stóra land sem er svo nálægt okkur. Það væri áhugavert að öðlast meiri vitneskju um landið og þjóðina, miðla hérlendis og efla tengslin. Það eru ekki ýkja margir Íslendingar sem hafa komið til Grænlands og er ég þar á meðal.“

Jónas bar hugmyndina um Grænlandssetur undir ýmsa, jafnt í Bolungarvík sem annars staðar, og sótti í lok liðins árs um styrk frá menningar- og ferðamálaráði Bolungarvíkur til að stofna undirbúningsfélag um setrið og þar samþykkt að leggja fram 150.000 krónur.

„Þetta var allt gert í rólegheitum en það dró ekki úr að fá fyrirheit um aðstöðu hérna í Bolungarvík, sem er grundvallaratriði fyrir stofnun á slíku setri. Við höfum fengið góð orð um aðstöðu á 2. hæð að Vitastíg 1 í Bolungarvík, en þar er félagsmiðstöðin Tópas einnig til húsa. Það á alveg eftir að ganga frá því hvernig málum þar innandyra verður háttað en ég tel að samstarf gæti alveg gengið upp þar sem starfsemi félagsmiðstöðvarinnar er mest á veturna og setrið gæti verið þarna með starfsemi á sumrin. Hvort það verður allt húsnæðið eða hluti af því er óráðið, en félagið er a.m.k. komið með lögheimili þarna.“

– Er eitthvað sameiginlegt með Íslandi og Grænlandi?

„Það er án efa fjölmargt, ég þekki það ekki nógu vel, en það verður gaman að komast að því og ég tel að þessi samfélög ættu að geta unnið meira saman og stutt við bakið hvort á öðru. Því er æskilegt að auka samskiptin þarna á milli. Á stofnfundi undirbúningsfélagsins voru tuttugu og fjórir en aðeins tveir þeirra höfðu komið til Grænlands.“

Jónas segist ekki enn hafa fengið viðbrögð frá Grænlandi enda hafi hann ekki kallað eftir þeim á þessu stigi. „Nú liggur fyrir að fara í undirbúningsvinnu og sækja um styrki til þess að geta heimsótt Grænlendinga og skapað tengsl og sambönd.“

Tilgangur undirbúningsfélags um Grænlandssetur er að beita sér fyrir stofnun Grænlandssetur í Bolungarvík og verður setrinu a.m.k. fyrst í stað ætlað að kynna Grænland með sýningarhaldi um náttúru þess og sögu lands og þjóðar og samskipti Íslands og Grænlands í fortíð og nútíð. Jónas telur að Grænlandssetur í Bolungarvík bjóði ýmsa möguleika.

„Það ætti að vera hægt að gera ýmislegt og það er ekkert niðurnjörvað hvað skal gera og hvað ekki. Ég sé fyrir mér að safna fyrst einhverju um Grænland til að sýna gestum og gangandi, t.d. myndir, kort og kynningarefni. Þetta væri góð leið til að vera nokkurs konar tengiliður við Grænland.“

– Hvers vegna Bolungarvík?

„Það er fyrst og fremst vegna vegalengdarinnar til Grænlands. Bolungarvík er sá byggði staður hérlendis sem er einna næstur Grænlandi en loftlína á milli Bolungarvíkur og Grænlands er 315 km. Þannig er eðlilegt að setrið verði í Bolungarvík þótt Suðureyri sé reyndar 5 km nær.“

Á stofnfundi undirbúningsfélagsins var þeirri hugmynd m.a. varpað fram að Vestfirðir yrðu taldir með stærsta þjóðgarði í heimi, sem er á Grænlandi. Á fundinum tók einnig til máls Elías Jónatansson, bæjarstjóri í Bolungarvík, en hann telur Grænlandssetur hafa mikla möguleika enda verkefnin næg sem tengjast samskiptum þessara landa. Nefndi hann m.a. að á Grænlandi væru ýmis verkefni í gangi sem tengdust vinnslu jarðefna og öðrum verkefnum. Lilja Rafney Magnúsdóttir, þingmaður og varaformaður í Vestnorræna ráðinu, tók einnig til máls og sagðist hafa áhuga á að styðja væntanlegt Grænlandssetur eins og hún gæti á þeim vettvangi. Hún greindi frá nýlegum fundi hennar og Josef Motzfeldt frá grænlensku heimastjórninni, þar sem hún greindi honum frá hugmyndum um setrið og að hann hafi tekið vel í hugmyndina.

En finnur Jónas fyrir miklum áhuga frá fólki?

„Já, mér finnst fólk sýna þessu töluverðan áhuga. Það hefur verið komið upp síðu um Grænlandssetur á fésbókinni. Mér sýnist vera talsvert líf þar og fólk sýna þessu áhuga og velvilja og þeir sem töluðu á stofnfundinum um undirbúningsfélagið tóku þessu afar vel.“

– Og hvenær má þá búast við því að Grænlandssetur verði stofnað?

„Það fer allt eftir þeim fjármunum og stuðningi sem fæst í verkefnið. Næsta mál á dagskrá er að fara til Grænlands, en það verður ekki fyrr en í vor eða sumar, svo ég tel að ekki sé margt sýnilegt að gerast í undirbúningnum alveg á næstunni.“

Allir þeir sem hafa áhuga á stofnun Grænlandssetur geta gerst meðlimir í undirbúningsfélaginu. Fljótlega má notast við netfangið graenlandssetur@bolungarvik.is til að koma skilaboðum til félagsins.

„Ég vil benda fólki sem á einhverja muni sem tengjast Grænlandi eða sögu þess og vilja láta þá frá sér eða í góða geymslu, að þeir geta haft samband við félagið,“ segir Jónas Guðmundsson, sýslumaður í Bolungarvík og aðalhvatamaður að stofnun setursins.

– kristjan@bb.is

Anna Marín Ernudóttir á brúðkaupsdaginn ásamt eiginmanni sínum Bergþóri Hermannssyni og sonunum Ægir Þór og Aroni Inga.

Ísfirðingur í konungsríkinu Noregi

Ísfirðingurinn Anna Marín Ernudóttir flutti út til Noregs í júlí ásamt eiginmanni sínum, Bergþór Hermannssyni, og tveimur sonum. Voru þau meðal fjölmargra Íslendinga sem leitað hafa betri kjara fjarri fósturjörðinni eftir að kreppan skall á. Anna Marín segjast kunna vel við sig í Noregi og landshlutinn sem hún býr í minni á heimahagana. Bæjarins besta forvitnaðist aðeins um búferlaflutningana.

– Hver var ástæða þess að þið fluttuð út?

„Lækkun launa hjá bóndanum og það að billinn át öll launin okkar, líkt og er að gerast hjá svo mörgum heima," segir Anna Marín, en þau voru með bíl á bílasamningi og hækkaði lánið nánast um helming á örskömmum tíma.

– Hvers vegna varð Noregur fyrir valinu?

„Helsta ástæðan var gengismunurinn við Ísland. Vegna hans getum við lifað hérna úti á launum og borgað heim. Svo er Noregur náttúrlega svo fallegur og það er voðalega Ísafjarðarlegt hérna í Sortlandi þar sem við búum."

– Voru það ekki mikil viðbrigði að flytja út?

„Jú, það var ekkert létt svona fyrst til að byrja með, en ég sé sko ekki eftir því núna. Eina sem ég gæti sagt varðandi eftirsjá er að ég væri til í að sjá eldgosið heima."

Anna segir að synirnir tveir, Aron Ingi, 14 ára, og Ægir Þór, fimm ára, kunni afar vel við sig úti og hafi verið fljótir að aðlagast.

„Sérstaklega Aron Ingi, sá litli vill auðvitað vera heima hjá mömmu alla daga en hann er á leikskóla."

Norðmenn hamingjusamir og góðir

Fyrir mörgum árum bjó Anna Marín um tíma í Danmörku og því eru Norðurlöndin henni ekki ókunnug. Aðspurð segir hún að Noregur, Danmörk og Ísland séu mjög ólík.

„Fólkið hérna í Noregi er svo hamingjusamt og allir svo góðir við nágrannann. Í Danmörku eru allir voðalega skipulagðir en með eindæmum gott fólk. Ég held það sé ekki hægt að miða við Ísland, eins og landið er núna. Svo margir eru neikvæðir og margt neikvætt að gerast."

Aðspurð segir Anna Marín að það hafi ekki reynst henni erfitt að læra nýtt tungumál.

„Það kom mér mjög á óvart hvað það var auðvelt að læra hana. Ég tala reyndar að mestu á dönsku en set norsku orðin inn í sem ég læri. Allir skilja mig og ég skil næstum allt sem Norsarnir segja. Ef ég get ekki fundið orðið á dönsku og ekki norsku segi ég það bara á íslensku og þá kemst það yfirleitt til skila. Svo er Aron í því að leiðrétta mömmu sína, þessi börn eru nefnilega ansi fljót að læra."

Ísafjarðarleg náttúra

Anna Marín setti á fót síðu á samskiptavefnum Facebook þar sem Íslendingar í Noregi geta sameinast.

„Mér fannst vanta að við Íslendingar myndum hjálpast að, segja hvar er best að vera og tala um flutninga til Noregs. Margir sem hafa búið hérna í Noregi lengi vilja hjálpa löndum sínum að flytja og benda á hvað þarf að gera og þess háttar. Það eru núna komnir yfir 3000 aðdáendur á síðunni og hún er ótrúlega virk," segir Anna sem segist ekki hafa búist við þessum viðbrögðum.

Nokkrir Íslendingar búa í nágrenni við fjölskylduna en ekki margir þó.

„Flestir vilja vera í Suður-Noregi, næla sér í hitann," útskýrir Anna Marín.

– Ætlið þið að vera þarna til frambúðar eða er ætlunin að koma aftur heim þegar ástandið lagast?

„Það verður eiginlega að koma í ljós. Okkur líkar mjög vel hér, börnin eru ánægð og við ánægð með vinnu, þannig við komum allavega ekki næstu fimm árin."

– Eitthvað að lokum?

„Ég hvet alla þá sem vilja flytja til Noregs að láta verða af því. Og þá sérstaklega flytja til Norður-Noregs því hér er náttúran svo Ísafjarðarleg."

– thelma@bb.is

Kvöldkaffi að hætti Hornstrendings

„Ég baka þetta oft fyrir vini mína Jóhann Inga Þorsteinsson, frá Vöðlum í Önundarfirði og Bjarna Pétur Jónsson, Bolvíking með meiru sem búa á Akureyri en þeir eru einstæðingar á Akureyri svo ég reyni að koma með mömmufilinginn og láta þeim líða eins og heima hjá sér. Einstaklega góðar uppskriftir til að grípa í daginn eftir góða skemmtun. Fljótlegt og þægilegt," segir Benedikt. Hann góðfúslega tók að sér áskoruninni þegar sú sem skorað var á í síðustu viku sá sér ekki fært um að verða við áskoruninni.

Mommuponnsur

250 g hveiti
1 tsk lyftiduft
1/2 tsk salt
2 dl vatn
4 dl Ab-drykkjarjógúrt með ferskjum og aprikósum / eða önnur jógúrt.
25-50 g smjörlíki
2 egg

Öll þurrefni sett í skál og blandað saman. Eggjunum bætt út og síðan vökvanum. Öllu hrært vel saman og bakaðar á pönnu og eins hefð er fyrir. Fólk má bæta við vökva eða hveiti eftir þörfum til þess að fá rétta þykkt. Vökvinn á að vera jafn þykkur og góð sósa. Um að gera að prófa sig áfram með jógúrti og brögðum.

Sælkerinn

Feðrafrauð

1 bolli sykur
1 bolli mjólk
2 msk sýróp
2 msk kakó
2 msk smjörlíki
½ tsk salt
1 tsk vanilludropar

Sykurinn, mjólkin, sýrópið, kakóið og saltið sett í pott og látið malla við meðalhita þangað til að það þykknar. Til þess að vita hvort að frauðið sé orðið passlega þykkt er mælt með því að láta dropa detta ofan í bolla með köldu vatni. Ef hann harðnar þá er það passlegt. Bætið síðan smjörlíkinu og vanilludropunum út í og hellið síðan í smurt form og látið storkna og úr verður dýrindis frauð.

Ég skora á systur mína Kristínu Dröfn Einarsdóttur en hún hótaði að beita mér barsmíðum ef ég myndi ekki gera það.

Sælkeri vikunnar er Benedikt Hreinn Einarsson á Ísafirði.

Elvar Ingi bestur í stórstökki

Elvar Ingi Sigurðsson á Ísafirði fór með sigur af hólmi í svokallaðri bigjump eða stórstökk-keppni sem haldin var í Tungudal um páskana, en þar var keppt í stökki á snjóbrettum. Þar sýndu brettamenn mörg tilþrif þar sem þeir stukku af kappi og ljóst er að margir færir snjóbrettamenn eru búsettir á svæðinu. ***– thelma@bb.is***

Skýrsla 100 daga nefndarinnar kemur í lok apríl

Gert er ráð fyrir því að skýrsla 100 daga nefndarinnar verði lögð fram fyrir lok næsta mánaðar. Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær og Súðavíkurhreppur hafa frá því í haust unnið að skoðun á sameiningu sveitarfélaganna, kostum og göllum. Sú vinna sem verið hefur í gangi felur m.a. í sér ítarlega greiningu á þróun fjármála sveitarfélaganna allt frá árinu 2002.

„Í slíkri greiningu er mikilvægt að íbúar svæðisins fái sem gleggstar upplýsingar um stöðu sveitarfélaganna eins og hún er í dag. Ársreikningar sveitarfélaganna eru nú langt komnir fyrir árið 2009. Í þessu ljósi telur hundraðdaganefndin að mikilvægt sé að við greiningu Melland Partners á fjárhag sveitarfélaganna verði bætt upplýsingum úr ársreikningum sveitarfélaganna fyrir 2009, þegar þeir liggja fyrir," segir Elías Jónatansson, bæjarstjóri í Bolungarvík.

Samkaup úrval góðir grannar

Sjá uppskriftir á **samkaupurval.is**

Sparnaðartilboð helgarinnar **8. - 11. apríl**

30% afsláttur

1.098

769 kr./kg Grill svínabógssneiðar

frá **Kjötseli**

Góð kaup!

1.339

991 kr./kg Nautahakk

úr kjötborði eða pakkað ferskt

30% afsláttur

429

299 kr./kg Jarðarber

454 g, lausfryst

30% afsláttur

1.398

979 kr./kg Grill svínalæris-

sneiðar, frá **Kjötseli**

Góð kaup!

268 kr./kg Lambasvið

í poka, **ódýrt**

34% afsláttur

149

98 kr./stk. Nautahamborgarar

90 g, úr kjötborði eða pakkaðir ferskir

30% afsláttur

1.798

1.259 kr./kg Grill svínakótilettur

ferskar eða reyktar, frá **Kjötseli**

Góð kaup!

299 kr./pk. Capri Sonne

safari, appelsínu eða multiv., 5 x 200 ml

32% afsláttur

189

129 kr./stk. Pepsi Max

1 lítri

P&Ó Birt með fyrirvara um prentvillur.

...sjá öll sparnaðartilboð á **samkaupurval.is**